

Samruni Okkar bílaleigu ehf., Toyota á Íslandi ehf. o.fl. og Bílaleigu Kynnisferða ehf.

I. Málsmeðferð

1. Þann 24. október 2025 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Okkar bílaleigu ehf. (hér eftir „OBL“) á öllum rekstri og eignum Bílaleigu Kynnisferða ehf. (hér eftir „BLK“).
2. Með tilkynningunni fylgdi samrunaskrá ásamt fylgigögnum. Þar kom fram að með kaupunum öðlist OBL full yfirráð yfir eignum og starfsemi BLK og væri því um að ræða samruna í skilningi c. liðar 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 (hér eftir „samkeppnislög“). Samrunaaðilar töldu skilyrði fyrir því að tilkynna samruna með styttri tilkynningu uppfyllt, sbr. 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga. Nánar tiltekið töldu samrunaaðilar samrunann falla undir ákvæði a. og b. liðar 6. mgr. 17. gr. a. laganna þar sem starfsemi samrunaaðila væri í meginatriðum á mörkuðum sem ekki væru tengdir og sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim mörkuðum sem starfsemi þeirra skarast væri minni en 20%.
3. Samrunaaðilar uppfærðu skrá sína yfir fylgiskjöl með samrunaskránni hinn 29. október 2025 í kjölfar ábendingu Samkeppniseftirlitsins um úrbætur. Með tölvupósti, dags. 30. október 2025 var samrunaaðilum tilkynnt um að samrunatilkynning þeirra teldist fullnægjandi í skilningi ákvæðis 17. gr. a. samkeppnislaga. Frestir til að rannsaka samrunann samkvæmt 17. gr. d. samkeppnislaga, sbr. 1. mgr. 12. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020, byrjuðu því að líða þann 30. október 2025. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og fyrirbyggjandi gagna, auk þess sem eftirlitið leitaði sjónarmiða hjá hagsmunaaðilum.

II. Samruninn og aðilar hans

4. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Ljóst má vera að í kaupum OBL á öllum rekstri og eignum BLK felst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
5. Í samrunaskrá kemur fram að OBL starfi við útleigu bifreiða og tengdan rekstur en starfsemi félagsins sé í meginatriðum þríþætt. Í fyrsta lagi er félaginu ætlað að halda utan um bifreiðir sem leigðar eru út vegna viðgerða hjá Toyota. Í öðru lagi rekur félagið langtímaleigu bifreiða undir vörumerkinu Kinto, sem jafnframt er í eigu Toyota. Loks rekur félagið hefðbundna bílaleigu sem býður skammtímaleigu bifreiða undir vörumerkjunum MyCar og Alda.



6. OBL er að fullu í eigu UK fjárfestinga ehf. (hér eftir „UKF“) sem er eignarhaldsfélag í eigu JÚ ehf. (50%) og ÞK fjárfestinga ehf. (50%). Í samrunaskrá segir að ekkert fyrirtæki sé undir yfirráðum OBL en í ljósi IV. kafla reglna nr. 1390/2020 beri að tilgreina öll fyrirtæki innan sama fyrirtækjahóps. Greina aðilar því frá þeim félögum sem tilheyra fyrirtækjasamstæðu UKF, þ.e. félaga sem eru að fullu eða að meirihluta í eigu UKF.
7. UKF er móðurfélag Toyota á Íslandi ehf. (hér eftir „Toyota“). Þá er UKF jafnframt eigandi alls hlutafjár í félögunum TK bílum ehf., Bílanaust ehf., Skorra ehf., Bílaútleigunni ehf., Vélaverkstæði Þóris ehf. og Betri dekk ehf. TK bílar ehf. er síðan eigandi alls hlutafjár í Toppbílum ehf. og 70% hlutafjár í Bílaverkstæði Austurlands ehf. Þá eigi UKF 90,01% hlut í Kraftvélum ehf. og dótturfélagi þess Kraftvélaeigunni ehf.
8. Toyota er bifreiðaumboð sem flytur inn nýja bíla frá bílaframleiðendum Toyota og Lexus og selur í heilsölu. Auk þess flytur félagið inn og selur vara- og aukahluti til þjónustu- og söluaðila Toyota á landinu en félagið flytur einungis inn framleiðanda-varahluti (e. *Original Equipment Manufacturer*). Í samrunaskrá segir að á markaði fyrir innflutning og sölu bifreiða sé Toyota með í kringum [10-15]% markaðshlutdeild eða um [15-20]% sé sala viðurkenndra söluaðila tekin með í reikninginn.¹ Útreikningur byggir á upplýsingum frá Samgöngustofu um nýskráningu bifreiða það sem af er ári.
9. Bílanaust ehf. flytur inn og selur í heildsölu og smásölu almenna bílavarahluti, olíuvörur, aðrar efnavörur fyrir bíla o.fl. Með almennum varahlutum er átt við varahluti sem framleiddir eru undir merkjum viðkomandi varahlutaframleiðanda og unnt er að nota í margskonar gerðir bifreiða, gagnstætt framleiðanda-varahlutum.
10. Að öðru leyti segir í samrunaskrá að fjallað hafi verið um UKF og félög undir yfirráðum þess í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 41/2011, *Viðskipti Landsbankans hf. og Bifreiðainnflutnings ehf. með eignarhluti í Toyota á Íslandi ehf.* og ákvörðun nr. 18/2017, *Samruni UK fjárfestinga ehf., Kraftvéla ehf., Kraftvélaeigunnar ehf. og BH eignarhaldsfélags ehf.* Einnig ákvörðun nr. 15/2019, *Kaup Mótormax ehf. á eignum og rekstrarfjármunum þb. Bílanausts ehf.* og ákvörðun nr. 19/2024, *Samruni TK bíla ehf., Toyota á Íslandi ehf. o.fl. og Bílaverkstæði Austurlands.* Loks hafi máli vegna samruna UKF og Vélaverkstæðis Þóris lokið í vor.
11. Samkvæmt samrunaskrá starfar BLK sem bílaleiga sem er að fullu í eigu ferðaþjónustufyrirtækisins Kynnisferða hf. Ekkert fyrirtæki er undir yfirráðum BLK. Félagið starfar einkum á markaði fyrir útleigu bifreiða til skemmri tíma en býður einnig upp á langtímaleigu. BLK rekur starfsemi sína undir merkjum Enterprise Rent-a-Car, á grundvelli sérleyfissamnings

III. Markaðir málsins

12. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt ákvæði 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

¹ Hlutdeildarupplýsingar eru settar á bil.



13. Af hálfu samrunaaðila er á því byggt í samrunaskrá að OBL og BLK starfi á sama markaði, þ.e. markaði fyrir útleigu bifreiða.² Landfræðilega markaðinn telja samrunaaðilar vera landið allt. Að mati samrunaaðila verði því láréttur samruni milli tveggja fyrirtækja á sama sölustigi.
14. Þá segir í samrunaskrá að dótturfélög UKF starfi á öðrum mörkuðum sem snúast alfarið um eða tengjast bifreiðum, svo sem sölu þeirra, viðgerðarþjónustu, sölu varahluta o.fl. Toyota starfi til að mynda aðallega á markaði fyrir heildsölu á nýjum bílum, Bílanaust ehf. á undirmarkaði fyrir sölu á almennum varahlutum, nýjum fylgihlutum og tengdum vörum fyrir bifreiðir og TK bílar ehf. á markaði fyrir smásölu nýrra og notaðra bíla og markaði fyrir bifreiðaverkstæði.
15. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina markaði málsins með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið, þótt ekki þurfi að taka endanlega afstöðu til markaðsskilgreininga í þessu máli, hvorki er varðar vörumarkað málsins né landfræðilega markaði í ljósi niðurstöðu þess og takmarkaðra áhrifa.

Staða samrunaaðila á mörkuðum málsins

16. Um stöðu samrunaaðila á markaði fyrir útleigu bifreiða segir í samrunaskrá að samanlögð markaðshlutdeild OBL og BLK, að undangengnum samruna, sé áætluð í kringum [5-10]% út frá veltutölum. Það eitt leiði til þess að mati samrunaaðila að samruninn sé hvorki til þess fallinn að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu á þeim markaði sem um ræðir eða raska samkeppni á annan hátt með umtalsverðum hætti. Þá starfi fjölmargir aðilar á umræddum heildarmarkaði svo samruninn hafi ekki í för með sér skaðlega samþjöppun á markaðnum.
17. Samrunaaðilar vísa til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 5/2024, *Kaup Eggs ehf., BL ehf. o.fl. á öllu hlutafé í Bílaleigu Flugleiða*, þar sem niðurstöður eftirlitsins hafi leitt í ljós að Höldur (Bílaleiga Akureyrar / Europcar) væri með mestu markaðshlutdeildina miðað við starfandi bílaleigur hér á landi eða 25-30%. Þar á eftir kæmu ALP með 10-15%, Hertz með 10-15% og Blue með 10-15%. Telja samrunaaðilar stöðu á markaðnum vera áþekka en velta aðila á markaði undanfarin ár bendi til þess að svo sé.
18. Í samrunaskrá er gerð grein fyrir mögulegum áhrifum samrunans á þeim mörkuðum sem fyrirtækjasamstæða UKF starfar á. Þar segir að lóðrétt skörun kunni *í fyrsta lagi* að koma fram vegna samrunans á markaði fyrir innflutning og sölu nýrra bifreiða þar sem Toyota flytur inn og selur, m.a. til bílaleigna. Áætla samrunaaðilar markaðshlutdeild Toyota vera í kringum [10-15]% út frá upplýsingum Samgöngustofu. *Í öðru lagi* telja samrunaaðilar lóðrétt skörun kunna að koma fram á markaði fyrir bifreiðaverkstæði þar sem félög innan UKF annist ýmiss konar viðgerðarþjónustu, svo sem viðhaldi og viðgerðum á bílaleigubílum. *Í þriðja lagi* telja samrunaaðilar að lóðrétt skörun geti komið fram á markaði fyrir innflutning og sölu á bílavarahlutum.³ Toyota njóti sérstöðu hvað varðar innflutning og sölu framleiðanda-varahluta fyrir Toyota og Lexus en ganga samrunaaðilar út frá því að almennt séu framleiðanda-varahlutir keyptir umfram almenna varahluti ef viðgerð/viðhald snýr að því að viðhalda verksmiðjuábyrgð. Þá starfi Bílanaust á markaði fyrir sölu almennra varahluta og kunni samruninn því að hafa snertingu við markað fyrir innflutning og sölu á almennum bílavarahlutum. *Í fjórða lagi* telja samrunaaðilar lóðrétt áhrifa kunna að gæta á markaði fyrir sölu á olíum og annarri efnavöru til bílaverkstæða.
19. Samrunaaðilar halda því fram að fyrirtæki innan UKF njóti ekki umtalsverðs markaðsstyrks á neinum af þeim mörkuðum sem samruninn kann að hafa áhrif á, þó með þeim fyrirvara að markaður fyrir framleiðanda-

² Vísa samrunaaðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2018 *Kaup Horns III slhf. á hlut í Bílaleigu Flugleiða ehf.*, þar sem lagt var til grundvallar að til væri sérstakur markaður fyrir útleigu bifreiða.

³ Vísa samrunaaðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2025 *Kaup Jöklu ehf. á öllu hlutafé í Stillingu ehf.*, þar sem fjallað er um skiptingu markaðar eftir almennum varahlutum og framleiðanda-varahlutum.



varahluti af gerðinni Toyota/Lexus, teljist sérstakur markaður.⁴ Þó segir í samrunaskrá að bifreiðaverkstæði geti keypt framleiðanda-varahluti annars staðar frá, t.d. frá erlendum sölusíðum. Í ljósi þess að auðvelt sé að flytja inn varahluti að utan dregur það að mati samrunaaðila verulega úr hættu á mismunun viðskiptaaðila.

20. Til þess að leggja mat á stöðu samrunaaðila á markaði fyrir útleigu bifreiða sendi Samkeppniseftirlitið út upplýsingabeiðni til helstu keppinauta samrunaaðila á markaðnum. Var þeim meðal annars veitt tækifæri á að tjá sig almennt um efni umræddrar samrunatilkynningar varðandi markaðsskilgreiningar og stöðu aðila á viðkomandi mörkuðum. Samtals bárust átta umsagnir um fyrirhugaðan samruna á tímabilinu 3.-17. nóvember 2025. Í nær öllum tilvikum höfðu keppinautar ekkert að athuga við samrunann en í einu tilfelli gerði hagsmunaaðili athugasemd við það að með samrunanum færist rekstur bílaleigu undir bílaumboð. Öll stærstu umboðin væru farin að starfa bæði sem innflytjendur og bílaleigur sem skapi ójafnar samkeppnisaðstæður fyrir sjálfstæð fyrirtæki á markaðnum.

IV. Niðurstaða

21. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.
22. Í þessu máli er um að ræða samruna fyrirtækja sem starfa á sama markaði, þ.e. markaði fyrir útleigu bifreiða og er því bein lárétt skörun á milli starfsemi þeirra. Samanlögð markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim markaði er um [5-10]% þar sem þó nokkrir mismunandi aðilar hafa sterka stöðu á markaðnum. Eru því engar vísbendingar um að markaðsráðandi staða verði til með samrunanum. Lóðrétt áhrif samrunans eru fyrir hendi einkum þar sem annar samrunaaðila selur bíla sem geta talist til aðfanga fyrir bílaleigustarfsemi. Hlutdeild aðila á mörkuðum málsins er þó ekki slík að þörf sé á íhlutun að mati Samkeppniseftirlitsins, enda fæst ekki séð af fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum að sameinað fyrirtæki muni hafa hvata eða getu til þess að útiloka keppinauta sína í krafti lóðrétttrar samþættingar. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

V. Ákvörðunarorð:

„Kaup Okkar bílaleigu ehf. á öllum rekstri og eignum Bílaleigu Kynnisferða ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

⁴ Samrunaaðilar telja þó að samanlögð markaðshlutdeild dótturfélaga UKF á bifreiðatengdum mörkuðum sé í öllum tilvikum undir 20%.